


Frjómaelingar á Akureyri og í Reykjavík í júlí 2010

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 6. ágúst 2010

Akureyri. Heildarfjöldi frjókorna á Akureyri í júlí (378 frjó/m^3) reyndist langt undir meðallagi (772 frjó/m^3). Grasfrjó voru færri en í meðalári, urðu 274 sem þó er talsvert fleiri en í fyrrasumar þegar grasfrjó reyndust í lágmarki. Frjótala grasa fór hæst í 50 þann 22. júlí (sjá myndritið Akureyri 2010). Það sem af er sumri hefur rúmlega þriðjungur grasfrjóa meðalárs mælst á Akureyri og eiginlegt hámark er enn ekki komið fram. Líkt og í fyrra eru því nokkrar líkur á því að ágúst verði aðalgrasmánuður sumarsins.

Í ágúst mælast að jafnaði um 800 grasfrjó/m^3 á Akureyri og oftar en ekki eru topparnir tveir, sá fyrri í byrjun ágúst en sá seinni um 20. ágúst. Þar ræður þó mestu hvort þurrir vindar ríkjja, en vætutíð og þoka hamla dreifingu frjókorna. Þannig fylgir jafnan hafgolunni og köldum, rökum norðanáttum lítið magn frjókorna.

Akureyri 2010




Myndritið nær yfir þann tíma sem grasfrjó hafa verið í lofti á Akureyri. Það sýnir grasfrjó (grænar súlur), súrufrrjó (túnsúra, hundasúra og njóli; rauðar súlur) og öll frjó (lína). Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu, meðalfjöldi í einum rúmmetra á sólarhring.

Reykjavík. Heildarfjöldi frjókorna í júlí reyndist langt yfir meðallagi, varð tæplega 4000 frjó/m^3 og sló út metsumarið 1991 þegar ríflega 2500 frjó mældust í júlí. Grasfrjó urðu nærri 3600, frjótalan fór yfir hundrað alls tíu sinnum í mánuðinum, í fyrsta skipti þann 9. júlí. Hefur það ekki gerst svo snemma áður. Frjótala grasa varð hæst 804 þann 17. júlí (sjá myndritið Reykjavík 2010) en tún við Bústaðaveg þar sem frjógildran er staðsett voru fyrst slegin upp úr 22. júlí.



Reykjavík 2010



Myndritið nær yfir þann tíma sem grasfrjó hafa verið stöðugt í lofti. Það sýnir grasfrjó (grænar súlur), súrufrjó (túnsúra, hundasúra og njóli; rauðar súlur) og öll frjó (lína). Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu, meðalfjöldi í einum rúmmetra á sólarhring.

Súrufrjó voru í lofti flesta daga í júlí, þau hafa mælst stopult eftir að slegið var (sjá myndrit). Segja má að tími súrufrjóa sé liðinn í ár. Þau náðu hámarki 14. júní, sem er óvenju snemmt, þegar frjótalan reyndist 16. Heildarfjöldi súrufrjóa er orðinn 237, það er nokkru undir meðallagi árána 1988–2009 (314 frjó/m³) og minna en í fyrra.

Þó gras sé víða tekið að sölna eru nokkrar grastegundir enn í blóma og dreifa frjókornum. eru það einkum erlendir slæðingar og ræktuð túngrös, eins og t.d. húsapunktur *Elytrigia repens*. Uppspretta grasfrjóa er því enn til staðar þar sem slæðingarnir vaxa. Verði veður þurr og vindasamt í ágúst gætu þeir dagar komið að frjótölur verði háar. Á það einkum við um Akureyri, en á Akureyri er algengast að ágúst sé aðalgrasmánuður sumarsins. Meiri óvissa ríkir um framhald frjótíma grasa í Reykjavík, hvort honum sé að verða lokið í ár eða hvort velþekktur toppur um eða eftir miðbik ágústmánaðar eigi eftir að koma fram þar. Reynslan sýnir að þau sex sumur, 1990, 1991, 1998, 2007, 2008 og 2009, sem mikið hefur mælst af grasfrjóum í júlí í Reykjavík, hafa þau í fimm skipti reynst verða meira en helmingi færri í ágúst. Þess vegna eru nokkuð góðar líkur á því að í Reykjavík verði lítið um grasfrjó nú í ágúst.

Frjótölur birtast á síðu 169 í textavarpri RÚV og á veðurvef Morgunblaðsins, www.mbl.is/mm/frettir/vedur/pollen.html þar sem þær eru uppfærðar vikulega. Á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands www.ni.is/grodur/frjomaelingar/frjomaelingar2010/ eru frjótölur grasa uppfærðar daglega þegar mest er um frjókorn í Reykjavík. Þar má sjá hvernig sumarið í ár kemur út m.t.t. fyrri frjómælinga.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Reykjavík 6. ágúst 2010

Margrét Hallsdóttir

Netfang mh@ni.is

